

Skýrsla skólaráðs Fossvogsskóla 2012-2013

Skólaráð starfar skv. lögum um grunnskóla nr. 91/2008 og er því ætlað að vera samráðsvettvangur skólastjóra og skólasamfélags um skólalöngun. Skólaráð tekur þátt í stefnumörkun fyrir skólann og fjallar m.a. um skólanámskrá skólans, árlega starfsáætlun, rekstraráætlun og aðrar áætlanir um skólastarfið. Þá á skólaráð að fylgjast almennt með öryggi, aðbúnaði og almennri velferð nemenda.

Þeir sem skipað hafa skólaráð Fossvogsskóla skólaárið 2012-2013 eru:

Sigurður Ragnar Arnalds og Birna Baldursdóttir fulltrúar foreldra, Hávarður Finnbogason fulltrúi grenndarsamfélags, Kristín Harpa Bjarnadóttir og Halla Gunnarsdóttir fulltrúar kennara, Berglind Ólafsdóttir fulltrúi starfsfólks, Bjarki Björn Gunnarsson fulltrúi nemenda í 7. bekk, Elísa Sól Oddgeirsdóttir fulltrúi nemenda í 6. bekk, Óskar S. Einarsson skólastjóri og Árni Freyr Sigurlaugsson ritari.

Skólaárið 2012 – 2013 kom skólaráð Fossvogsskóla 7 sinnum saman til fundar, en fundargerðir skólaráðs eru birtar á heimasíðu skólans. Auk hefðbundinna verkefna, s.s. umfjöllun um starfsáætlun og skóladagatal, má segja að eftirfarandi mál hafi borið hæst á fundum skólaráðs þetta starfsárið.

1) Samstarfsvettvangur um skóla- og frístundamál í Fossvogi. Fallið frá sameiningu Kvistaborgar og Fossvogsskóla.

Eins og foreldrum er kunnugt var ráðgerð sameining Fossvogsskóla og Kvistaborgar haustið 2013. Hætt hefur nú verið við þá sameiningu af hálfu Reykjavíkurborgar. Þess í stað samþykkti Skóla- og frístundaráð þann 06.02.2013 tillögu um að myndaður yrði formlegur samstarfsvettvangur um skóla- og frístundamál í Fossvogi. Markmiðið yrði að móta framtíðarsýn um góða menntun og frístundastarf barna í hverfinu með áherslu á samstarf, betra flæði milli skólastiga og nýjar leiðir til að gera vinnudag barna sem innihaldsríkastan með uppbyggilegu frístundastarfi. Eru hugmyndir þessar í anda þess er fram kom í umsögn skólaráðs Fossvogsskóla um starfsáætlun skóla- og frístundasviðs. Aðild að samstarfsvettvanginum eiga m.a. fulltrúar frá Fossvogsskóla, Neðstalandi, leikskólum í Fossvogi og Víkingi og hefur hann þegar hafið störf.

2) Sparkvöllur við Fossvogsskóla.

Að frumkvæði foreldrafélags Fossvogsskóla sl. haust voru foreldrar hvattir til að greiða atkvæði tillögu á Betri Reykjavík um sparkvöll við Fossvogsskóla. Hlaut tillagan fjölda atkvæða og fór því til áframhaldandi meðferðar innan Reykjavíkurborgar. Var bygging sparkvallar við Fossvogsskóla samþykkt í Borgarráði 2. maí 2013 og er undirbúningur þegar hafinn. Er gert ráð fyrir því að sparkvöllurinn verði tekinn í notkun í lok ágúst, sem mun örugglega gleðja sparkglæða nemendur mikið.

3) Lóð Fossvogsskóla.

Samkvæmt áætlun Reykjavíkurborgar áttu endurbætur á skólalóð Fossvogsskóla að hefjast árið 2011, en í kjölfar efnahagshrunsins var öllum slíkum framkvæmdum frestað. Ástand skólalóðarinnar er orðið mjög slæmt og endurbóta löngu þörf. Var töluvert um málið fjallað á fundum skólaráðs. Af hálfu skólaráðs var sviðsstjóra skóla- og frístundaráð sent bréf um

málið og afhenti skólastjóri ásamt fulltrúum nemenda í skólaráði honum það. Skv. upplýsingum frá skóla- og frístundasviði hefur málið verið tekið til skoðunar og er gert ráð fyrir því að hönnun endurbóta á hefjist árið 2014 og framkvæmdir í framhaldi af því. Mun skólaráð fylgjast áfram með málinu.

Skólaráð hvetur foreldra til að senda ráðinu erindi, athugasemdir eða önnur málefni er varða skólastarfið, enda hlutverk þess að fylgjast með öryggi, aðbúnaði og almennri velferð nemenda. Erindi er unnt að senda til skólastjóra á netfangið oskar.s.einarsson@reykjavik.is eða fulltrúa foreldra í skólaráði, Birnu Baldursdóttur, netfang birnabaldurs@hr.is og Sigurð R. Arnalds, netfang sarnalds@bifrost.is.

Með ósk um gleðilegt sumar og þökk fyrir samstarf á liðnu skólaári.

Skólaráð Fossvogsskóla.